

Mál nr. 170 /2014
M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Málskostnaðartrygging. Ágreiningur um hvort dómssmál varði váttryggðan sem eiganda fasteignar sem seld var nauðungarsölu þ. 28.maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.6.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 23. júní 2014.

Málsatvik.

M gerir kröfu til að fá greitt úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M fór fram á að fjármálafyrirtæki sem átti veðskuld í fasteign í eigu M lækkaði skuldina í samræmi við svokallaða 110% leið. Erindi M var ekki svarað og var íbúð M síðan seld nauðungarsölu þ. 28.maí 2013 gegn andmælum M sem telur nauðungarsöluna ólögmetta og hefur krafist þess fyrir dómi að aðfarbeiðni fjármálafyrirtækisins verði vísað frá dómi og til vara að kröfugerð fjármálafyrirtækisins verði hafnað. M byggir kröfu sínar á hendur V á því að málið snúist um innheimtu á veðskuldabréfi og slík innheimta sé ekki undanskilin í skilmálum fjölskyldutryggingar V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að samkvæmt tryggingarskilmálum váttryggingarinnar bæti váttryggingin ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar sbr. grein 40.7 váttryggingarskilmála. V segir ágreining í málinu varði nauðungarsölu á fasteign M og því eigi ákvæði í grein 40.7. váttryggingarskilmála við.

Álit.

M gerir kröfu um að fá greitt úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V vegna dómssmáls sem varðar nauðungarsölu á fasteign hans á grundvelli aðfararbeiðni og fjárnáms, sem M krefst aðallega að verði vísað frá dómi og til vara að kröfugerð samkvæmt aðfararbeiðninni verði hafnað. Umrædd aðfararbeiðni og dómssmál varðandi hana varðar M sem eiganda fasteignar. Miðað við ákvæði í grein 40.7 í váttryggingaskilmálum tryggingar þeirrar sem hér ræðir um á M því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V þar sem tryggingin tekur ekki til dómssmála sem varða váttryggjendur, í þessu tilviki M, sem eigendur fasteigna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 19.8. 2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.